

Ráðgjöf um COVID-19 á heimsvísu fyrir fólk með MS

COVID-19 er nýr sjúkdómur sem getur haft áhrif á lungun þín og öndunarveg. Hann orsakast af nýjum kórónavírus sem fannst fyrst hjá fólki í Kína í desember 2019 og hefur síðan breiðst út til annarra heimshluta.

Eins og er eru engar vísbendingar eru um hvernig COVID-19 hefur áhrif á fólk með MS-sjúkdóminn. Ráðleggingarnar hér fyrir neðan voru samdar af MS taugalæknum* og rannsóknar-sérfræðingum frá aðildarfélögum MSIF **.

Þessar ráðleggingar verða endurskoðaðar og uppfærðar eftir því sem meiri vitneskja um COVID-19 fæst.

Ráð til fólks með MS

Fólk með undirliggjandi lungna- og hjartasjúkdóma og þeir sem eru eldri en 60 ára eru líklegri til að fá fylgikvilla og verða alvarlega veikir af COVID-19 vírusnum. Margir einstaklingar með MS munu falla í þennan hóp, sérstaklega þeir sem eru einnig með önnur heilsufarsvandamál, skerta hreyfigetu og þeir sem eru á tilteknum MS-meðferðum.

Öllu fólki með MS er ráðlagt að huga sérstaklega vel að leiðbeiningum til að draga úr hættu á sýkingu af völdum COVID-19. Eldra fólk með MS, sérstaklega þeir sem einnig eru með lungna- eða hjartasjúkdóma, ætti að gæta þess sérstaklega að lágmarka útsetningu sína fyrir vírusnum. Tillögur [Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar](#) fela meðal annars í sér:

- Þvoið hendurnar oft með sápu og vatni eða handspritti
- Gætið hreinlætis og forðist snertingu við augu, nef og munn
- Reynið að halda að minnsta kosti 1 metra fjarlægð milli þín og annarra, sérstaklega þeirra sem hósta og hnerra
- Hóstið og hnerið í krepptan olnboga eða pappír
- Gætið hreinlætis við matargerð með því að nota mismunandi skurðarborð fyrir hrátt kjöt og soðinn mat og þvoið hendurnar á milli

Að auki mælum við með því að fólk með MS skuli:

- Forðast opinberar samkomur og mannfjölda
- Forðast að nota almenningsgöngur ef unnt er
- Nota aðra valkosti fyrir venjubundnar læknisheimsóknir ef mögulegt er (til dæmis í gegnum síma).

Umönnunaraðilar og fjölskyldumeðlimir sem búa með eða heimsækja reglulega einstakling með MS ættu einnig að fylgja þessum ráðleggingum til að draga úr líkunum á að koma með COVID-19 sýkingu inn á heimilið.

Ráð varðandi sjúkdómsbreytandi meðferðir við MS

Margar sjúkdómsbreytandi meðferðir (DMT) við MS virka þannig að þær bæla eða breyta ónæmiskerfinu. Sum MS lyf geta aukið líkurnar á að fá fylgikvilla vegna COVID-19 sýkingar en þá áhættu þarf að meta samanborið við áhættuna af því að hætta meðferð. Við mælum með að:

- Fólki með MS sem er á sjúkdómsbreytandi lyfjum (DMT) haldi áfram meðferð sinni.
- Fólki sem fær einkenni COVID-19 eða greinist jákvætt fyrir sýkingunni ræði MS meðferð sína við taugalækninn sinn eða annan heilbrigðisstarfsmann sem þekkir vel til þeirrar meðferðar sem það er á.
- Áður en byrjað er á nýju sjúkdómsbreytandi lyfi (DMT) ræði fólk með MS við lækinn sinn um hvaða meðferð sé besti kosturinn fyrir þeirra sjúkdómsgerð og sjúkdómsvirkni í ljósi COVID-19 áhættu á svæðinu.
- Þeir sem eru í þann mund að hefja sjúkdómsbreytandi meðferð en hafa þó enn ekki hafið hana, ættu að íhuga að velja meðferð sem fækkar ekki tilteknum ónæmisfrumum (eitilfrumum). Dæmi um slík lyf eru: interferón [*Avonex, Betaferon, Rebif*], glatiramer asetat [*Copaxone, Remurel*] eða natalizumab [*Tysabri*]. Lyfjameðferð sem fækkar eitilfrumum yfir lengri tíma er meðal annars alemtuzumab [*Lemtrada*], cladribine [*Mavenclad*], ocrelizumab [*Ocrevus*] og rituximab [*MabThera, Truxima*].
- Eftirfarandi sjúkdómsbreytandi lyf sem tekin eru um munn geta minnkað getu ónæmiskerfisins til að bregðast við sýkingum: fingolimod [*Gilenya*], dimethyl fumarate [*Tecfidera*], teriflunomide [*Aubagio*] og siponimod [*Mayzent*]. Fólk ætti að veða gaumgæfilega áhættur og ávinning þess að hefja þessar meðferðir meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum stendur.
- Fólk með MS sem er þegar á alemtuzumab [*Lemtrada*], cladribine [*Mavenclad*], ocrelizumab [*Ocrevus*] og rituximab [*MabThera, Truxima*], fingolimod [*Gilenya*], dimethyl fumarate [*Tecfidera*], teriflunomide [*Aubagio*] eða siponimod [*Mayzent*] og búa í samfélagi þar sem COVID-19 hefur brotist út ætti að einangra sig eins mikið og hægt er til að minnka áhættuna á sýkingu.

Ráðleggingar um að fresta öðrum skammti eða frekari skömmtum af alemtuzumab [*Lemtrada*], cladribine [*Mavenclad*], ocrelizumab [*Ocrevus*] og rituximab [*MabThera, Truxima*], vegna COVID-19 faraldursins eru mismunandi milli landa. Fólk sem tekur þessi lyf og komið er að næsta skammti hjá, ætti að ráðfæra sig við lækinn sinn um áhættur og ávinning af frestun meðferðar.

Ráð varðandi stofnfrumumeðferð (aHSCT)

Samgena blóðmyndandi stofnfrumumeðferð (aHSCT) innifelur kröftuga lyfjameðferð. Það veikir ónæmiskerfið verulega í ákveðinn tíma. Fólk sem hefur nýlega gengist undir slíka meðferð ætti að lengja tímabilið sem það er í einangrun á meðan á COVID-19 faraldrinum stendur. Fólk sem á að gangast undir slíka meðferð á næstunni ætti að íhuga að fresta meðferðinni í samráði við sinn lækni.

Ráðleggingar fyrir börn eða barnshafandi konur með MS

Sem stendur eru engin sérstök ráð fyrir konur með MS sem eru þungaðar. Almennar upplýsingar um COVID-19 og meðgöngu er að finna á vefsíðunni [US Centre for Disease Control and Prevention](https://www.cdc.gov).

Það eru engin sérstök ráð fyrir börn með MS; þau ættu að fylgja ráðleggingunum hér að ofan fyrir fólk með MS.

Eftirfarandi einstaklingar voru ráðgefandi við samningu þessara ráðlegginga:

***MS taugalæknar**

Prófessor Brenda Banwell, Formaður alþjóðlegu læknisfræði- og vísindanefndar MSIF – University of Pennsylvania, Bandaríkin

Dr Fernando Hamuy Diaz de Bedoya, Forseti LACTRIMS – Universidad Nacional de Asuncion, Paragvæ

Prófessor Andrew Chan – Bern University Hospital, Sviss

Prófessor Jeffrey Cohen, Forseti ACTRIMS – Cleveland Clinic Mellen Center for Multiple Sclerosis, Bandaríkin

Dr Jorge Correale, Deputy, Varformaður alþjóðlegu læknisfræði- og vísindanefndar MSIF – FLENI, Argentína

Prófessor Giancarlo Comi – Università Vita Salute San Raffaele, Ítalía

Prófessor Kazuo Fujihara, Forseti PACTRIMS – Fukushima Medical University School of Medicine, Japan

Prófessor Bernhard Hemmer, Forseti ECTRIMS – Technische Universität München, Þýskaland

Dr Céline Louapre – Sorbonne Université, Frakkland

Prófessor Catherine Lubetzki – ICM, Frakkland

Prófessor Marco Salvetti – Sapienza University, Ítalía

Dr Joost Smolders – ErasmusMC, Holland

Prófessor Per Soelberg Sørensen – University of Copenhagen, Danmörk

Prófessor Bassem Yamout, Forseti MENACTRIMS – American University of Beirut Medical Center, Líbanon

****Aðildarfélag MSIF**

Dr Clare Walton, Nick Rijke, Victoria Gilbert, Peer Baneke – MS International Federation

Phillip Anderson – MS Society (Bretland)

Pedro Carrascal – Esclerosis Múltiple España (Spánn)

Dr Tim Coetzee, Dr Doug Landsman, Julie Fiol – National MS Society (Bandaríkin)

Prófessor Judith Haas – Deutsche Multiple Sklerose Gesellschaft Bundesverband e.V (Þýskaland)

Dr Kirstin Heutinck – Stichting MS Research (Holland)

Dr Pam Kanellis – MS Society of Canada (Kanada)

Nora Kriauzaitė – European MS Platform (Evrópusamtök MS-félaga, EMSP)

Dr Marc Lutz – La Société suisse de la sclérose en plaques (Sviss)

Marie Lynning – Scleroseforeningen (Danmörk)

Dr Julia Morahan – MS Research Australia (Ástralía)

Dr Emmanuelle Plassart-Schiess – ARSEP Fondation (Frakkland)

Dr Paola Zaratin – Associazione Italiana Sclerosi Multipla Onlus (Ítalía)

Þessi yfirlýsing var samþykkt 13. mars 2020

Þýtt úr ensku 13.3.2020 – MS-félag Íslands

Lyfjagæði í hornklofum [] eru innskot þýðanda til glöggvunar fyrir lesendur.